Þriðjudaginn 26. ágúst 1997.

Nr. 340/1997. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Pétri Bruno Scheving Thorsteinssyni
(Magnús M. Norðdahl hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 21. ágúst 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 22. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. ágúst 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 29. ágúst 1997 kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms, þó þannig, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til 5. september 1997.

Sóknaraðili hefur ekki kært úrskurð héraðsdóms fyrir sitt leyti. Kemur því ekki til álita krafa hans um, að gæsluvarðhaldi verði markaður lengri tími en kveðið er á um í hinum kærða úrskurði.

Samkvæmt þessu og með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. ágúst 1997.

Ár 1997, fimmtudaginn 21. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Arnfríði Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að Pétri Bruno

Scheving Thorsteinssyni, kt. 300972-5279, Fellsmúla 22, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 5. september nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og fíkniefnalögum nr. 65/1974.

Fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík rannsakar nú stórfellt fíkniefnamisferli. Upphaf rannsóknarinnar má rekja til þess, að 2. ágúst sl. komu til skoðunar hjá tollgæslunni að Ármúla 25, Reykjavík, tvær hraðsendingar frá Bretlandi, sem höfðu að geyma samtals 783 e-töflur. Lögreglu grunar, að kærði eigi aðild að málinu, en ofangreindan dag sá lögregla hann fara inn í stigahús fjölbýlishúss í Hafnarfirði, brjóta þar upp póstkassa og fjarlægja úr honum komutilkynningu til annars viðtakanda efnanna.

Kærði hefur viðurkennt að hafa brotið upp póstkassann, en kveðst hvorki vera eigandi efnanna né hafa staðið að innflutningi þeirra. Í rannsóknargögnum liggja fyrir skýrslur annarra grunaðra um, að kærði hafi tekið þátt í skipulagningu fíkniefnainnflutningsins og fjármagnað hann. Þykir því og með hliðsjón af öðrum rannsóknargögnum verða að fallast á það með lögreglustjóranum í Reykjavík, að rökstuddur grunur leiki á aðild kærða að brotum gegn almennum hegningarlögum og fíkniefnalögum, sem varðað geta kærða fangelsi.

Enn er eftir að rannsaka betur ýmsa þætti þessa stórfellda fíkniefnamáls. Með vísan til framanritaðs og skírskotun til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála verður því kærða gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi, en rétt þykir þó, að það vari eigi lengur en til föstudagsins 29. ágúst nk. kl. 16.

Úrskurðarorð:

Kærði, Pétur Bruno Scheving Thorsteinsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 29. ágúst nk. kl. 16.00.